

S I G Ö L D U V I R K J U N

ÁFANGASKÝRSLA UM 2. OG 3. ÁFYLLINGU

Jarðvatns- og lekarannsóknir í ljósi
efnagreininga, hita-, tvívetnis- og þrívætnismælinga.

Björn Jónasson

Sigurður R. Guðmundsson

E F N I S Y F I R L I T

0	ABSTRACT (ÁGRIP Á ENSKU)	
1	INNGANGUR	1
2	TVÍ- OG ÞRÍVETNISMÆLINGAR	3
	2.1 ALMENNT	3
	2.2 FORRANNSÓKNIR OG NIÐURSTÖÐUR ÞEIRRA	4
	2.3 NÚVERANDI RANNSÓKNIR OG NIÐURSTÖÐUR ÞEIRRA	6
3	EFNAGREIÐINGAR Á VATNI	9
	3.1 ALMENNT	9
	3.2 NIÐURSTÖÐUR EFNAGREIÐINGANNA	10
4	JARÐVATNSHITAMÆLINGAR	14
	4.1 ALMENNT	14
	4.2 NIÐURSTÖÐUR JARÐVATNSHITAMÆLINGANNA	15

T A B L E S

Deuterium and tritium measurements, from 1969-70.	1
Deuterium and tritium measurements, from 1977.	2
Chemical analysis on water samples (Cl ⁻ , SiO ₂ , Ca ⁺⁺ , Mg ⁺⁺ , Na ⁺ , K ⁺), from 1969.	3
Chemical analysis on water samples (Cl ⁻ , SiO ₂ , Ca ⁺⁺ , Mg ⁺⁺ , K ⁺), from 1976.	4
Chemical analysis on water samples (Cl ⁻), from 1977.	5
Chemical analysis on water samples (SiO ₂), from 1977.	6
Chemical analysis on water samples (Ca ⁺⁺), from 1977.	7
Chemical analysis on water samples (Mg ⁺⁺), from 1977.	8
Chemical analysis on water samples (K ⁺), from 1977.	9
Chemical analysis calculated to milli-mole, from 1969.	10
Chemical analysis calculated to milli-mole, from 1976.	11
Chemical analysis calculated to milli-mole, from 1977.	12
Chemical analysis calculated to milli-mole, from 1977.	13
Chemical analysis, Mole ratio [X] / [Cl ⁻], from 1969.	14
Chemical analysis, Mole ratio [X] / [Cl ⁻], from 1976.	15
Chemical analysis, Mole ratio [X] / [Cl ⁻], from 1977.	16
Chemical analysis, Mole ratio [X] / [Cl ⁻], from 1977.	17
Initial temperature prior to second impounding and lowest temperature during and after the impounding with relevant date.	18

E X H I B I T S

	No.
Key map and location of chemically analyzed water samples.	1
Location of chemically analyzed water samples.	2
Second impounding, Temperature in water, Reservoir level and Discharge.	3
Third impounding, Temperature in water, Reservoir level and Discharge.	4
Spring survey and temperature measurements 21-23 April 1977.	5
Second impounding, Ground Water Temperature Measurements in Piezometric hole TK-2.	6
Second impounding, Ground Water Temperature Measurements in Piezometric hole E-28.	7
Second impounding, Ground Water Temperature Measurements in Piezometric hole IX.	8

This is a progress report on observations and studies of ground - water behaviour and leakage during the second and first part of the third impounding of Sigalda reservoir and approach canal. The second impounding lasted from November 9 to December 1976 but the third was started on January 19 and ended in June 1977. The present report covers measurements up to April 23.

Discussed are three methods of measuring and detecting whether, where and to what degree the reservoir water ^{has} mixed with the ground - water, especially of that which appears on the surface in two areas, namely on the damsite, downstream of the main dam, and in Inner - Sigalda on the river site of the approach canal above Sigalda waterfall. The methods are deuterium- and tritium measurements, chemical analysis and last but not least temperature measurements by way of which the flow of ground-water and leakage water were observed and studied.

All the mentioned methods more or less support each other, but the temperature measurements alone yield by far the best general picture of the behaviour of the ground-water in that part of the reservoir area affected by the impounding.

The deuterium- and tritium measurements give an idea as to the overall ground-water flow pattern on a wider scale and are based on investigations carried out in 1969. The measurements show a high degree of mixing between ground-water and reservoir water right below the main part of the dam and give clues to various questions raised by the temperature measurements.

The chemical analysis show the percentage of reservoir water in the ground-water, but on the damsite its share decreases with distance from the main part of the dam where it is 30-70%. In Inner-Sigalda the share of the reservoir water in the ground-water was 20% and > 30% during the first half of March. The analysis also indicates

chemical dissolution on the damsite probably derived from grouting carried out for sealing of the lava cross-section below the toe of the dam and/or due to the rising of the ground-water table where by the cross-sectional area of ground-water is extended resulting in higher content of dissolved solids in the water.

The temperature measurements yield a very clear picture of the behaviour of the reservoir water in the bedrock, i.e. how it mixes with the ground-water, and indicates the main leakage paths. They also show that the share of the reservoir water decreases on the damsite with distance from the main part of the dam. In Inner-Sigalda, on the approach canal site, the share of reservoir water is high within a restricted area and the leakage paths are obviously governed by tectonic fractures. With regard to the entire reservoir and damsite areas the main leakage path seems to be in the lavas south of the dam and the leakage water appears to be drained on one hand to west reappearing in the Sigvalda canyon at the western end of the dam and still further west and on the other hand in the lava field to the south where it intermixes with the ground-water stream.

Afangaskýrsla þessi, sem fjallar um jarðvatns- og lekarannsóknir annarrar (hófst 9. nóvember og lauk í desember 1976) og fyrst og fremst fyrri hluta þriðju áfyllingar (hófst 19. janúar og til 23. apríl 1977) lóns og aðrennslisskurðar Sigölduvirkjunar, og er aðallega byggð á niðurstöðum tví- og þrívetnismælinga, efnagreininga svo og hitamælinga á lón- og jarðvatni.

Megintilgangur þessara mælinga er sá, að fylgjast með því, hvernig jarðvatnið hegðar sér við þessar aðstæður, fyrst og fremst með tilliti til mannvirkjanna, þ.e. hvort, hvar og hve mikið lónvatnið blandast jarðvatninu, hvar jarðvatnið kemur fram við hækandi jarðvatnsborð o.s.frv. Megináhersla er lögð á svæðin neðan við stífluna, stíflusvæðið, og í hægri bakka Tungnaár fyrir ofan Sigöldufoss, Innri-Sigalda, áhrifasvæði aðrennslisskurðar ofan við Sigöldufoss, en á þeim stöðum kemur "jarðvatn" fram á yfirborði við áður nefndar aðstæður.

Orkustofnun, raforkudeild, hefur fyrst og fremst annast þær jarðvatns- og lekarannsóknir (Davíð Egilsson, Jósef Hólmjárn og aðalhöfundur skýrslunnar), sem gerðar hafa verið á Sigöldusvæðinu í sambandi við áfyllingar lóns og aðrennslisskurðar virkjunarinnar í samráði og samvinnu við Landsvirkjun og ráðgjafarverkfræðinga virkjunarinnar.

Þessar rannsóknir hafa ekki hvað síst falist í jarðvatns- og hitamælingum, vatnssýnatökum til efnagreininga, tví- og þrívetnismælinga ásamt almennri vettvangskonun með tilliti til jarðvatnsins. Tví- og þrívetnismælingarnar gefa almennt yfirlit yfir jarðvatnið á svæðinu og uppruna þess og sýna vel, ef veruleg blöndun á lón- og jarðvatni hefur átt sér stað. Einnig auðvelda þær túlkun á einstökum vafaatriðum, sem komu í ljós við jarðvatnshitamælingarnar. Efnagreiningarnar gefa hundraðshluta lónvatnsins í jarðvatninu, ef það blandast þá á annað borð. Einnig sýna þær efnaaukningu í jarðvatninu, sem á líklegast rætur að rekja til grautunar þeirrar, sem gerð var, til að þetta hraunapversniðið undir stíflutánni. Hitamælingar gefa hins vegar á mjög einfaldan og öruggan

hátt gott heildaryfirlit yfir hegðun jarðvatnsins og hvort lónvatn hefur blandast því. Allar þessar mælingar hafa meiri og minni stuðning hver af annarri, en greinilegt er, að hitamælingarnar einar saman, a.m.k. við þær aðstæður, sem fjallað er um hér á eftir, gefa langbestu myndina hvað snertir þessar rannsóknir.

Allar efnagreiningarnar, sem gengið er út frá hér á eftir (frá 1976 og 1977) voru framkvæmdar hjá Jarðkönnunardeild Orkustofnunar að Keldnaholti, en tví- og þrívetnismælingarnar hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

2 TVÍ- OG ÞRÍVETNISMÆLINGAR

2.1 ALMENNT

Í þessum skrifum um jarðvatn með tilliti til tví- og þrívetnismælinga er gengið út frá rannsóknum, mæliniðurstöðum og túlkun, sem birst hafa í ýmsum skýrslum eftirtalinna þriggja manna:

Guttorms Sigbjarnarsonar, Orkustofnun, Braga Árnasonar og Páls Theodórs-sonar, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, en tveir þeir síðastnefndu hafa séð um tví- og þrívetnismælingarnar.

Tvívetnisinnihald jarðvatnsins gefur til kynna hvar vatnið er fallið sem úrkoma, þ.e. hvar uppruni þess er. Þetta stafar af því, að úrkoman missir stærri og stærri hluta tvívetnisins eftir því sem hún þarf að berast lengra og hærra inn í landið og verður þannig í grófum dráttum "léttust" næst miðju landsins.

Tvívetnisinnihaldið miðast við svonefndan SMOW-standard (Standard Mean Ocean Water). Standardinn gefur upphafsgildið og verður því tvívetnisgildi úrkomunnar lægra eða "negatívt" er innar dregur til landsins. Tvívetnisgildið er gefið upp í "pro mille" (‰) og hefur táknið δ. Óvissa í mælingunum, sem eru tvíteknar, er 0,7 ‰.

Þrívetnisinnihald jarðvatns gefur aftur á móti til kynna hvort það er gamalt eða ungt nema hvort tveggja sé, þ.e. blanda af langt að komnu jarðvatni og staðbundnum jarðvatnslinsum eða úrkomu af svæðinu (sigvatni). Til túlkunar á ofanefndu er oftast nauðsynlegt að þekkja einnig tvívetnisinnihaldið. Þrívetnisinnihaldið er algjörlega óháð fjarlægð og hæð frá sjó eins og gildir um tvívetnið.

Þrívetnisuppsprettan á rætur að rekja til geimgeislunar, sem er mjög stöðug eða um 20 þrívetniseiningar (þe), (þe = T.U. = Tritium Unit, sem jafngildir að hlutfallið T/H sé 10^{-18}). Óvissa í mælingunum eru 2 þrívetniseiningar.

Notkun atomsprengja undanfarin ár og áratugi hefur aukið mjög þrívetnis-

innihald lofthjúps jarðar og komst það upp í 4000 þe árið 1963, en þá varð meðalgildið það ár 1100 þe., en frá þeim tíma hefur það farið lækandi. Þetta þrívætnisris gerir það einmitt að verkum að hér er kominn mjög góður mælikvarði á aldur jarðvatnsins.

Í grófum dráttum lítur þessi mælikvarði þannig út:

Þrívætnismagn	Aldur jarðvatnsins
>100	Ungt vatn, nokkra ára.
<100	Eldra vatn.
< 50	Meðalaldur $X \cdot 10$ ára. $X = 1, 2, 3, \dots$
≤ 20	Meðalaldur >100 ára.

2.2 FORRANNSÓKNIR OG NIÐURSTÖÐUR ÞEIRRA

Rannsóknir á jarðvatni með notkun tví- og þrívætnismælinga hafa farið fram hér á landi undanfarin ár og hefur svæðið milli Köldukvíslar og Tungnaár, þaðan sem jarðvatnið á Sigöldusvæðinu á uppruna sinn, verið gerð sérstök skil í skýrslu Orkustofnunar, raforkudeildar, Vatnafræði Þórisvatnssvæðis, Guttormur Sigbjarnarson, 1972.

Samkvæmt fyrrnefndum rannsóknum komu í ljós 3 meginjarðvatnskerfi á svæðinu milli Köldukvíslar og Tungnaár, en jarðvatnið á Sigöldusvæðinu á fyrst og fremst rætur að rekja til miðkerfisins, þ.e. fær vatn sitt úr Jökulheimahraunum og sunnanverðum Bláfjöllum og Gjáfjöllum og áskotnast líklega stöðugt vatn úr Tröllahraunajarðvatnsstraumum (Guttormur Sigbjarnarson, 1972). Jarðvatnsstraumur þessi rennur fyrst nokkurn veginn til SV, en jarðvatnshallinn verður stöðugt vestlægari þar til hann tekur stefnuna til vesturs eða vestnorðvesturs (VNV) á Sigöldusvæðinu, a.m.k. norðan Tungnaár.

Í skýrslu Guttorms segir: "Verulegur hluti jarðvatnsstraumsins fer undir Tungnaá í Tungnaárkróki og kemur fram sem lindir í Sigöldugljúfri

og vestan undir Sigöldu. Hluti hans heldur áfram alla leið niður í Sporðöldukvísl að norðan, en um Tungnaárhraun í Rangá að sunnan"

Og ennfremur:

"Líklegt er að Sigöldulindirnar nái ekki öllum þessum jarðvatnsstraum, en það vatn, sem fer þar framhjá fer þá alla leiðina niður í Rangá. Varla getur þó verið um verulegt magn að ræða".

Tví- og þrívetnisinnihald sýnanna í töflu 1 (taflan er þannig uppsett, að efst eru sýni frá Blautukvísl, þ.e. austast af Sigöldusvæðinu, og neðst eru sýni vestast af svæðinu eða vestan við sjálfa Sigölduna, sjá nánar staðsetningu sýnanna sbr. sýnisnúmerin á mynd 4.2.1 í skýrslu Guttorms, 1972) að undanskildum þeim sýnum, sem verður fjallað um hér á eftir ber öllum saman, þ.e. hafa tvívetni á bilinu - 80,5-84,5 ‰ og á það jarðvatn því rætur að rekja til áður nefndra upptakasvæða. Þrívetnisinnihald þessara sýna, sem er á bilinu 26-55 þe styður þetta enn frekar.

Þau sýni sem falla ekki inn í þessa skýru mynd á töflu 1 eru T112, T104, E03, T103, T106 og E04 og verður þeim því gerð sérstök skil hér á eftir.

Í skýrslu Guttorms (1972) segir orðrétt um T112 (318 þe), sem tekið er sunnan Blautukvíslar:

"Þetta vatn er aðeins fárra ára gamalt að meðaltali, en tvívetni þess gefur þó til kynna, að það er blanda af úrkomu staðarins og einhverju innrennsli af lengra að komnu eldra vatni".

Ennfremur:

"Þrívetnið í sýnunum T104 (69 þe) úr Lænuvatni, E03 (32 þe) úr vestustu lindinni í Blautulænu og T103 (174 þe) úr Blautulænu sjálfri sýna, að Lænuvatnið og lindin eru í tengslum við aðaljarðvatnsstraum svæðisins, þó að Blautalæna komi að mestu úr staðbundinni jarðvatnslínu".

Tví- og þrívetnisinnihaldið í T106, Tungnaá við Sigöldu, er blanda af lindarvatni og yfirborðsvatni og inniheldur því fremur hátt tví- og þrívetni.

Þrívetnisinnihald E04, lind við Sigöldufoss, er hátt. Það bendir til þess að hér sé annað hvort um blöndun jarðvatns og yfirborðsvatns (úrkomu

staðarins) að ræða eða að þetta vatn eigi rætur að rekja til staðbundinnar jarðvatnslinsu, en tvívetnismæling mundi taka af allan vafa um það.

2.3 NÚVERANDI RANNSÓKNIR OG NIÐURSTÖÐUR ÞEIRRA

Eins og fram hefur komið hér á undan hafa rannsóknir á jarðvatni Sigöldusvæðisins (Guttormur Sigbjarnarson, 1972) gefið skýra mynd á upptökum jarðvatnsins svo og jarðvatnsstreymi á svæðinu og eru þær niðurstöður lagðar til grundvallar þeim jarðvatns- og lekarannsóknnum, sem nú eru í gangi í sambandi við áfyllingu lóns og aðrennslisskurðar Sigölduvirkjunar, og því getið jafn ítarlega hér á undan og raun ber vitni.

Í sambandi við þær vatnafræðirannsóknir, sem nú eru á Sigöldusvæðinu, hefur verið gripið til tví- og þrívetnismælinga (sjá töflu 2) í tvíþættum tilgangi, þ.e. annars vegar til þess að svara spurningum, sem hafa vaknað um uppruna jarðvatns í borholum út frá hitamælingum og hins vegar, til að kanna hvort lónvatn hefur blandast jarðvatninu við þær aðstæður, þegar sýnin voru tekin.

Samkvæmt töflu 2 sýna tví- og þrívetnismælingarnar eftirfarandi:

JADARSVÆÐI

Í borholu II (staðsetning í mjóu hraunsundi sunnan Fremri-Sigöldu, en norðan Stóra-Melfells) er fyrst og fremst staðbundið vatn, þ.e. sigvatn og mjög stutt að komið vatn.

Í borholum III og IV (staðsetning í aðalhraunsundinu milli Stóra-Melfells og Dyngna) bendir tvívetnisinnihaldið til stutt að komins vatns, t.d. vatn af nálægu svæði (sigvatn), en þrívetnisinnihaldið gefur til kynna að um blöndun á lengra að komnu vatni sé einnig að ræða.

STÍFLU- OG LÓNSVÆÐI

MW-1 og 2 (mæliskurðir neðan stíflu, sjá staðsetningu sýnistökustaða á

mynd 2, MW-1 = S04 og MW-2 = S14) benda til þess að stór hluti vatnsins eigi rætur að rekja til lónvatnsins, sbr. tvívetnisinnihaldið. Aftur á móti er þrívetnisinnihald vatnsins óvenju lágt.

MW-3 og 4 (mæliskurðir neðan stíflu, sjá staðsetningu sýnistökustaða á mynd 2, MW-3 = S15 og MW-4 = S16) benda til þess, að þar sé fyrst og fremst um "hreint jarðvatn" að ræða (sbr. töflu 1) með tilliti til tví- og þrívetnisinnihalds.

Borholur E-11 og V (sjá staðsetningu sýnistökustaða á mynd 2, E-11 = S27 og V = S29). Tví- og þrívetnisinnihald þessara sýna er nokkurn veginn það sama. Tvívetnisinnihald vatnsins úr E-11 bendir til þess, að hlutur lónvatnsins sé þar einhver, en óverulegur, sbr. þrívetnisinnihaldið. Hitastigið á holuvatninu er afar lágt miðað við hlývatnskerfið í móberginu eða um og yfir 3°C. Annars er vatnið líklegast langt að komið. Tví- og þrívetnisinnihald vatnsins, í borholunni V bendir til blöndunar við meginjarðvatnsstrauminn, en hvort það hefur blandast sigvatni eða einhverju öðru vatni er ekkert hægt að segja til um, ekki síst vegna þess hve jarðvatnssniðið er grunnt eða aðeins örfáir metrar.

Niðurstöður mælinganna í borholunni PZ-2 eru mjög athyglisverðir fyrir þær sakir, hve tvívetnisinnihaldið er óvenju hátt. Nákvæmlega sama tvívetnisinnihald mældist í Blautulænu árið 1969 (sjá töflu 1). Þetta gefur til kynna, að vatnið í PZ-2 eigi rætur að rekja til Blautulænavatnsins, sem kemur að mestu úr staðbundinni jarðvatnslinsu. Þrívetnisinnihaldið styður þennan uppruna enn frekar.

Í þessu sambandi skal bent á, að hitastigið í PZ-2 við 2. áfyllingu og fyrri hluta 3. áfyllingar var óbreytt eða um 3°C. Ógjörlegt er að segja til um, hvort hér er um jarðvatnslinsu að ræða, sem kemur aðeins fram neðan stíflu í PZ-2 eða hvort vatn þetta fylgi brotlínum.

Lind S3 er í vesturbakka Tungnaár, vestur af stífluendanum í Sigöldu-gljúfri, sem kemur fram á lagmótum móbergs og hraunsins THf (sjá staðsetningu sýnistökustaðar á mynd 2, S3 = S26). Niðurstöður tví- og þrívetnis-mælinganna hér eru í fullu samræmi við heildarniðurstöður mælinganna á

svæðinu frá árinu 1969 (Vatnafræði Þórisvatnssvæðis, 1972) og ekkert frekar hægt um þær að segja.

3 EFNAGREININGAR Á VATNI

3.1 ALMENNT

Tilgangur efnagreininganna er fyrst og fremst sá, að sýna fram á blöndun jarðvatns og lónvatns Sigölduvirkjunar og hve mikil hún hefur orðið á tímabilinu frá byrjun febrúar til loka apríl 1977 eða við fyrri hluta 3. áfyllingar Sigöldulónsins. Tveimur svæðum verða gerð skil hvað áður nefndu viðvíkur, annars vegar svæðinu fyrir neðan stíflu Sigölduvirkjunar, stíflusvæðinu, og hins vegar nýja lindasvæðinu í hægri bakka Tungnaár fyrir ofan Sigöldufoss, en það svæði verður nefnt hér á eftir Innri-Sigalda, áhrifasvæði aðrennslisskurðar ofan við Sigöldufoss.

Í þessu sambandi hafa verið tekin fjölmörg vatnssýni eða um 50 talsins, en þau hafa verið efnagreind hjá jarðkönnunardeild Orkustofnunar að Keldnaholti (sbr. töflur 4-9). Eftirfarandi efni voru greind: Cl^- , SiO_2 , Ca^{++} , Mg^{++} og K^+ . Við blöndunarútreikninga er ekki gengið út frá öllum efnagreindu sýnunum, fyrst og fremst vegna mikilvægi áður nefndra svæða hvað blöndun viðvíkur og einnig vegna þess, að þessi svæði eru vatnafræðilega mjög vel rannsökuð, ekki síst með tilliti til tvíþrí- og jarðvatnshitamælinga, enda eru þær mælingar lagðar til grundvallar á túlkun efnagreininganna. Er því litið á ónotaða hlutann sem gagnasafn til frekari úrvinnslu í náinni framtíð svo og efnagreiningarnar frá 1969 (tafla 3), en þær eru einu efnagreiningarnar, sem til voru af vatni á svæðinu, áður en þessar ítarlegu vatnafræðirannsóknir fóru af stað upp úr miðju árinu 1976 eða í upphafi 1. áfyllingar uppistöðulónsins.

Eins og sést í töfluhluta efnisyfirlitsins sýna töflur 3-17 efnagreiningarnar og útreikninga þeirra eftirfarandi:

Töflur 3-9 sýna efnagreiningar á vatnssýnum, tafla 3 frá árinu 1969 (úr Vatnafræði Þórisvatnssvæðis, Guttormur Sigbjarnarson, 1972), tafla 4 frá nóvember 1976 fyrir og á meðan á 2. áfyllingu uppistöðulónsins stóð, töflur 5-9 frá fyrri hluta 3. áfyllingar (5. febrúar - 23. apríl 1977), en þar eru um 80% efnagreindra vatnssýna og sýnir hver einstök

tafla aðeins efnainnihald með tilliti til eins efnis sbr. tafla 5 (Cl^-), tafla 6 (SiO_2) o.s.frv. Töflur 10-13 sýna efnagreiningarnar, þegar búið er að umreikna þær í milli-Mole. Töflur 14-17 sýna að lokum svo kallað Mole-hlutfall með tilliti til klór.

Hvert einstakt vatnssýni hefur sitt sýnisnúmer. Enn fremur hafa vatnssýnin númer sýnistökustaðar, þ.e. staðsetningarnúmer, ekki síst vegna þess, að mörg sýni eru tekin á sama stað á tímabilinu (sjó myndir 1 og 2). Í þessari áfangaskýrslu er efnagreiningunum frá fyrstu 29 sýnistökustöðunum (S01 og S29) gerð skil, en númer sýnistökustaða ná upp í S37, sbr. mynd 1 (S10-S13 hafa fengið númer sýnistökustaða, en eru ekki sýnd á mynd, sökum fjarlægðar).

Efnagreiningar þær, sem gengið verður út frá í sambandi við blöndunarútreikningana eru annars vegar tekin 8. og 9. nóvember 1976, þ.e. rétt fyrir 2. áfyllingu uppistöðulónsins, en þau gefa upphafsefnainnihald jarðvatnsins (hraunjarðvatns og Sigölduvatns) og lónsvatnsins og hins vegar tekin á tímabilinu frá 5. febrúar til 23. apríl 1977, þ.e. við fyrri hluta 3. áfyllingar, en þau gefa efnasamsetningu lónvatnsins á tímabilinu, svo og "jarðvatnsins" eða blöndunina.

3.2 NIÐURSTÖÐUR EFNAGREININGANNA

Efnagreiningarnar og útreikningar þeirra, einkum úr mæliskurðunum MW-1 til MW-4, sýna efnaflutninga eða útskolun í fyrstu sýnunum, sem tekin voru í upphafi 3. áfyllingar uppistöðulónsins. Þar kemur enn fremur í ljós hvernig þessi efnafrontur færir í átt að MW-4 eftir því sem frá líður. Þessi efnaaukafrontur kemur best í ljós í mæliskurðunum, vegna þess hve vatnssýni hafa verið tekin oft eða alls fimm sinnum á fyrrnefndu tímabili (sjá töflu 16). Telja má víst, að þessi efnaaukning í upphafi eigi rætur að rekja til grautunar þeirrar, sem gerð var við stíflutána, til að þetta hraunapversniðið undir stíflutánni. Af þessum sökum hefur yfirleitt reynst ómögulegt að nota Mole-hlutföll kísilsýru (SiO_2), svo og jafnvel kalsíum (Ca^{++}) Mole-hlutföllin til blöndunarútreikninganna. Hefur þá verið gengið út frá Magnesíum (Mg^{++}) og Kalíum (K^+) hlutföllunum, þar sem þannig hefur verið ástatt. Einnig hefur

orðið að sniðganga þær efnagreiningar þar sem greinilegt er, að efnainnihaldið er truflað af áður nefndri grautun.

Ljóst er, út frá blöndunarútreikningunum, að "menguðu" vatnssýnin fylgja hækku á yfirborði lónsins og þar af leiðandi hækkuandi jarðvatni, en þá eykst þverskurðarflatarmál "jarðvatnsins" og það leggur undir sig stærri hluta í jarðlöggunum og getur þannig einnig aukist efnainnihaldið, þrátt fyrir að grautun komi þar ekkert við sögu. Þegar jarðvatnið er búið að vera stöðugt í nokkurn tíma, fjara þessi mengunaráhrif út og jarðvatnið "hreinsast".

Þetta hefur mismikil áhrif á niðurstöður blöndunarútreikningana, eftir því hve viðkomandi sýnistökustaðir hafa góða afrennsliseiginleika, hvort jarðvatnið er að hækka eða hve lengi jarðvatnsborðið hefur verið stöðugt.

Svæðið neðan stíflu, stíflusvæðið, er "kítískast" hvað þetta snertir, sérstaklega er fjær dregur aðalhluta stíflunnar, einkum lindirnar S2 og S3, svo og MW-4. Þetta kemur yfirleitt þannig út í blöndunarútreikningunum, að hlutur lónvatnsins verður minni, en hann er í reynd. Í jarðvatnshitamælingakaflanum er reynt að brúa þetta bil.

Eins og áður segir eru niðurstöður efnagreininganna fyrst umreiknaðar í milli-Mole, en síðan í Mole-hlutföll með tilliti til Klór (Cl^-). Því næst er blöndun lón- og jarðvatns, ef einhver er, reiknað út frá þessum hlutföllum.

Fyrir stíflusvæðið er gengið út frá niðurstöðum eftirfarandi efnagreininga (Mole-hlutföllum) annars vegar fyrir lónvatn og hins vegar fyrir jarðvatn, en hlutföllin gefa grunnildin fyrir blöndunarútreikningana:

- I Lónvatn, meðaltal þriggja efnagreininga (S05, 76.11.08., Tungnaá neðan botnrása, S22, 77.03.15. og 77.03.27., Lón við botnrásarmunna).
- II Jarðvatn, (S06, 76.11.08., Pípulind S1).
- III Jarðvatn, (S04, 76.11.08., MW-1).

Mole-hlutföllin eru eftirfarandi:

		SiO ₂	Ca ⁺⁺	Mg ⁺⁺	K ⁺
I	meðaltal	1,8355	1,2471	0,9709	0,1401
II		2,3640	1,8523	1,6594	0,2333
III		2,6833	2,4184	1,6180	0,2676

Fyrir Innri-Sigöldu, áhrifasvæði aðrennslisskurðar fyrir ofan Sigöldu-foss, er gengið út frá eftirfarandi grunngildum:

I Lónvatn, meðaltal þriggja efnagreininga, sbr. I meðaltal.

IV Jarðvatn, (S07, 76.11.09., Lindalækur í Sigöldu neðan við foss).

Mole-hlutföllin eru eftirfarandi:

		SiO ₂	Ca ⁺⁺	Mg ⁺⁺	K ⁺
I	(meðaltal)	1,8355	1,2471	0,9709	0,1401
IV		2,6190	1,9155	1,6180	0,2233

Hundraðshlutar lónvatnsins í jarðvatninu samkvæmt blöndunarútreikningunum eru því eftirfarandi:

STÍFLUSVÆÐI

Númer sýnistöku- staðar	Tökustaðir	Dags.	Dags.	Dags.	Dags.
		77.02.05.	77.03.15.	77.03.27.	77.04.21.
		Lónvatn %	Lónvatn %	Lónvatn %	Lónvatn %
S04	MW-1	50		70	
S14	MW-2	30	50		
S15	MW-3	20		20	
S16	MW-4	0		20?	
S06	Pípulind S1				30
S17	Borhola E-10		15?		
S25	Lind S2				20

INNRI-SIGALDA, ÁHRIFASVÆÐI AÐRENNSLISSKURÐAR OFAN VIÐ SIGÖLDUFOSS

Númer sýnistöku- staðar	Tökustaðir	Dags. 77.03.09. Lónvatn %	Dags. 77.03.19. Lónvatn %	Dags.	Dags.
-------------------------------	------------	---------------------------------	---------------------------------	-------	-------

S23 Lind í Sigöldu ofan við foss. >30

S24 Stærsta lindar- augað í Sigöldu gegnt steypustöð. 20

4 JARÐVATNSHITAMÆLINGAR

4.1 ALMENNT

Jarðvatnshitamælingar eru líklega einfaldasti og veigamesti "indikatorinn" í sambandi við jarðvatns- og lekarannsóknir á Sigöldusvæðinu. Þó er það yfirleitt þannig, að hitamælingar einar sér gefa ekki nægilegar upplýsingar og er þá gripið til tví- og þrívatnismælinga, svo og efnagreininga á jarðvatnssýnum.

Í stórum dráttum byggjast jarðvatnshitamælingar á því, að einstök jarðvatnskerfi og/eða straumar eru mismunandi hvað hitastig snertir. Þannig er hægt að kortleggja jarðvatnsstraumana eða kerfin og fylgjast með því hvernig t.d. lónvatnið kemur inn í jarðlögin, hvort og hvernig það blandast jarðvatninu og finna þannig lekaleiðir með kerfisbundnum hitamælingum. Þetta er einmitt tilfellið með jarðvatnshitamælingarnar á Sigöldusvæðinu.

Það eru tvö meginjarðvatnskerfi eða jarðvatnsstraumar með tilliti til jarðvatnshitamælinganna í næsta nágrenni Sigölduvirkjunar, þ.e. annars vegar í móbergi Innri-Sigöldu, svokallað hlývatnskerfi ($\sim 5^{\circ}\text{C}$) og hins vegar í hraununum þar suður og austur af, svonefnt svalvatnskerfi ($3-4^{\circ}\text{C}$). Blöndun er milli þessara kerfa í hraununum fyrir sunnan Tungnaá og kemur skýrt fram í nokkrum písaólum fyrir neðan stíflu Sigölduvirkjunar og eins fyrir sunnan hana.

Allt svæðið milli Búrfells og Þórisvatns, þar á meðal Sigöldusvæðið var hitamælt tvisvar árið 1974, síðla sumars, svo og um haustið. Þetta sama var og gert um mánaðarmótin okt.-nóv. 1976 fyrir 2. áfyllingu. Niðurstöður allar voru í fyllsta samræmi. Sigöldusvæðið var því næst hitamælt sérstaklega rétt fyrir 2. áfyllingu, þ.e. fyrir 9. nóv. 1976, en þannig fékkst öruggur upphafshiti (sjá töflu 18) ekki aðeins á Sigöldusvæðinu heldur öllu svæðinu frá Búrfelli (Rangárbotnar og nágrenni) að Þórisvatni. Þessar upphafshitamælingar eru hrein 0-stilling á Sigöldusvæðinu með tilliti til hitastigs jarðvatnsins og gefa fastan viðmiðunarpunkt og allt frávik frá honum gefur til kynna hluta lónvatnsins í hinu upphaflega jarðvatni eða hvort lónvatnið hefur blandast því.

Lónvatnið er misheitt með tilliti til árstíða. Nú í vetur hefur hiti úr botnrásunum mælst um 0°C svo og hiti í Vatnsfellsskurði (sjá myndir 3 og 4). Aftur á móti er sumarhiti, einkum Tungnaár, miklu hærri. Þó hlutur lindarvatns í Tungnaá sé hár þá verður hann lægri yfir sumartímann og aurburður margfaldast, sem eykur enn hitann. Líklegt er að hitinn sé yfir sumartímann á bilinu 5-10°C. Þessar breytingar á hitastigi lónvatnsins gerir það að verkum að lekavatnið hitar jarðvatnið á sumrin og haustin, en kælir það á veturna og vorin a.m.k. næst lónsvæðinu, en hitunar- og kólnunaráhrifin minnka er fjær dregur.

Þó að svalt lekavatn streymi inn í jarðlögin og sameinist jarðvatninu verður sjaldnast skyndilega vart við ískaldan jaðar lekavatnsins í jarðlögunum heldur kemur fram ofurhæg kólnun, sem smám saman eykst. Þetta stafar af því að lekavatnið, sem í þessu dæmi er ískalt, ~0°C, blandast jarðvatninu og hefur varmaskipti við bergið, sem það seitlar í gegn. Það er ekki nema um mjög opnar lekaleiðir sé að ræða, að snöggkólnun kemur fram.

4.2 NIÐURSTÖÐUR JARÐVATNSHITAMÆLINGANNA

Eins og segir í inngangi skýrslunnar er hér fyrst og fremst fjallað um svæðin við og neðan stíflu, stíflusvæðið, og svæðið suður af vesturenda aðrennslisskurðar, nánar tiltekið í hægri bakka Tungnaár ofan við Sigöldufoss.

STÍFLUSVÆÐI

Hér eru lagðar til grundvallar hitamælingar á svæðinu frá 2. áfyllingu (mynd 3) og frá fyrri hluta 3. áfyllingar eða fram til seinni hluta marz-mánaðar (mynd 4).

Myndir 3 og 4 sýna annars vegar hitastig lónvatnsins og hins vegar "jarðvatnsins", sem fram kemur í mæliskurðum og lindum í Sigöldugljúfri neðan stíflu. Ásamt hitastiginu er teiknuð vatnshæð lónsins (m y.s.) og heildarrensli úr mæliskurðum (l/s) fyrir áður nefnd tímabil.

Eins og fram kemur á mynd 3 er Tungnaá við Hnubbafossa u.þ.b. 0°C , en vatnið úr Vatnsfellsskurði er hlýrra, þannig að hitastig lónvatnsins við botnrásir verður mun hærra eða $2-4^{\circ}\text{C}$ í byrjun 2. áfyllingar, en lækkar skyndilega 16. nóv. í u.þ.b. 1°C og er komið niður fyrir $0,5^{\circ}\text{C}$ 2.des. 1976. "Jarðvatnið" í skurðum við mælikvarða og lindum næst stíflunni sýnir samskonar svörun, sem á rætur að rekja til þátt lónvatnsins í því.

